



Menntamálanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 7. desember 2006

Umsögn Félags íslenskra náttúrufræðinga er varðar frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands, 281. mál, heildarlög.

Félag íslenskra náttúrufræðinga fagnar því mjög að loksins skuli vera kominn skriður á máefni náttúruminjasafns. Þörfin fyrir slíkt safn er mikil og hefur oft verið á það benti hve langt við stöndum að baki öðrum þjóðum að hafa ekki slíkt safn í menntakerfi okkar. Í stórum dráttum erum við ánægð og sátt við efni laganna og höfum fremur litlar breytingar fram að færa, nema smávægilegar áherslubreytingar.

Eftirfarandi eru breytingatillögur og aðrar athugasemdir FÍN við frumvarpið:

2. gr.

Eftirfarandi málsgrein:

Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.

verði:

Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að varpa ljósi á náttúru Íslands í alþjóðlegu samhengi, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru.

Rökstuðningur: Náttúra Íslands er órjúfanlega tengd náttúru annarra landa bæði í tíma og rúmi. Í tíma er hún ekki síst tengd öðrum heimshlutum í gegn um jarðsöguna og má í því sambandi nefna þá sögu sem lesa má úr steingervingum víða um land. Einnig má nefna atburði s.s. eldgos, og áhrif þeirra á veðurfar á norðurhveli jarðar.

Í rúmi er náttúra Íslands tengd umheiminum á marga vegu. Landið á krossgötum við skil norðurheimskautsins og kald-tempraða beltisins. Fjölmargar dýrategundir fara því um íslenskt land- og hafsvæði árlega í fæðuleit eða til að auka kyn sitt. Þá mætast hér tegundir af evrópskum og amerískum uppruna. Ekki má svo gleyma því að sumar framandi tegundir eru að nema hér land meðan aðrar láta undan síga.


Aðrar athugasemdir:

Í 3.gr. er fjallað er um safnkost Náttúruminjasafnsins, rannsóknaskyldu þess og samstarf þess við Náttúrufræðistofnun. Við telum mikilvægt í því sambandi að skýr reglugerð verið gefin út fljótlega eftir að lögin hafa verið samþykkt og þar verið samskipti safnsins við aðrar stofnarnir skilgreind (sbr. 7. gr.). Þar þarf t.d. að vera ljóst hvernig grunnrannsóknir annarra stofnana en Náttúrufræðistofnunar falli að rannsókna og fræðsluhlutverki Náttúruminjasafns Íslands. Þótt á Náttúrufræðistofnun séu framkvæmdar viðamiklar og fjölbreyttar náttúrufarsrannsóknir eru

ýmsar aðrar stofnanir sérhæfðar í rannsóknum á afmörkuðum sviðum s.s. í sjó, ferskvatni og jarðhita svo eitthvað sé nefnt.

Einnig er ljóst samkvæmt 2 gr. frumvarpsins að Náttúruminjasafninu er ætlað veita öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðla að samvinnu þeirra hér á landi og vinna að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða. Til að safnið geti rækt þetta hlutverk sitt af fullum þunga, þá er annað óhjákvæmilegt en að það hafi jafnframt viðtækar skyldur í safnafræðum, þ.e. við forvörslu gripa, skráningu og hverskyns safntengdum rannsóknum. Þetta þarf að koma mun skýrar fram í lögnum. Í stað þess að lögbinda rannsóknaskyldu safnsins að „verulegu leyti“ við Náttúrufræðistofnun, væri betra í ljósi ofangreindra athugasemda að nota opnara orðalag s.s. “þar sem nauðsynleg sérþekking er til staðar”. Það hlýtur því að vera augljós lyftistöng fyrir safnastarf almennt og safntengdar rannsóknir í landinu að Náttúruminjasafnið verði stofnun sem sérhæfir sig á þessu sviði, og jafnframt er það augljóst hagsmunamál allra náttúrufræðinga að svo verði.

Fyrir hönd stjórnar Félags íslenskra náttúrufræðinga


Ina Björg Hjálmarsdóttir, formaður FÍN